

**Nr. 19-150 S 090 Rifsnes SH 44*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 2847  
*IMO:* 9216781  
*Útgerð:* Hraðfrystihús Hellissands hf  
*Smíðaður:* Noregur, 1999, stál.  
*Stærð:* 776,45 bt.  
*Mesta lengd:* 43,2 m    *Skráð lengd:* 39,94 m  
*Breidd:* 9,0 m    *Dýpt:* 9,14 m  
*Vél:* Yanmar, 749,0 kw, 1999.  
*Fjöldi skipverja:* 15



Rifsnes©Skessuhorn

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 1. október 2019 var Rifsnes SH 44 á línuveiðum á NA miðum. Veður: NNA 2 m/sek.

Einn af skipverjunum var að brýna flökunarhníf og á leið inn á vinnsluþilfarið þegar hann hrasaði í hurðargati. Í fallinu stakkst hnífurinn í gegnum lófa vinstri handar. Siglt var með slasaða til Raufarhafnar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að hurðin var vatnsheld og með háum þröskuldi;
- að slasaði notaðist við flökunarhníf við að blóðga fisk;
- að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í slasaða.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.